



Alþingi
Erindi nr. P 139/112
komudagur 5.11.2010

4. nóvember 2010
SI-67403

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum, 25. mál á 139. löggjafarþingi.

Með tölvupósti dags. 19. október sl., óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með tillögunni kemur m.a. fram að mikilvægt sé að setja upp stuðningskerfi sem allra fyrst, fyrir fyrirtæki í greiðsluferfiðleikum, og að ráðgjafarstofa þessi mundi gegna svipuðu hlutverki og ráðgjafarstofa fyrir heimili og/eða umboðsmaður skuldara.

Seðlabankinn telur æskilegt að flýta fyrir endurskipulagningu efnahags fyrirtækja. Þar sem ráðgjafarstofa gæti stuðlað að hraðari endurskipulagningu og þannig flýtt fyrir efnahagsbata er ástæða til að skoða hugmyndina nánar. Ekki er þó sjálfgefið að ráðgjafarþjónusta við fyrirtæki sé niðurgreidd af ríkinu. Spyrja má hvort eðlilegra sé að verkefnið sé á hendi hagsmunasamtaka fyrirtækja. Ljóst er að skýrar lagaheimildir þarf til þess koma á fót þeirri starfsemi sem tillagan boðar. Því væri e.t.v. eðlilegra að frumvarp til laga kæmi fram um það á Alþingi, í stað þess að Alþingi óski eftir atbeina ríkisstjórnar að slíku.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur